

## AUGLÝSING

**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 19. júlí 1996.*

**Davíð Oddsson.**

---

*Ólafur Davíðsson.*

Nr. 116

2. ágúst 1996

## AUGLÝSING

**um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum.**

Forseti Íslands hefur hinn 31. júlí 1996 samkvæmt tillögu forsætisráðherra staðfest eftirfarandi reglugerð um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum:

1. gr.

Við 2. tölul. 15. gr., sbr. 2. gr. reglugerðar um breytingu á reglugerð þessari nr. 64/1987, 1. gr. reglugerðar um breytingu á reglugerð þessari nr. 5/1990 og a-lið 1. gr. reglugerðar um breytingu á reglugerð þessari nr. 11/1994, bætist orðin: og Alþjóðabankann (IBRD) og systurstofnanir hans.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 8. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, öðlast gildi 12. ágúst 1996.

*Forsætisráðuneytinu, 2. ágúst 1996.*

**Davíð Oddsson.**

---

*Ólafur Davíðsson.*